

68. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar föstudaginn 24. apríl 2009, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009
 2. Kjörskrá fyrir kosningar 2009
 3. Farskólinn-miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
 4. Vinabæjarheimsókn sumarið 2009
 5. Trúnaðarmál
 6. Bréf frá Þór Magnússyni dags. 24. mars 2009
 7. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags
 8. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2009

Fjármálastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

Bæjarráð samþykkir að húsaleiga af húsnæði í eigu Blönduósbæjar taki mið að byggingarvísitölu fjórum sinnum á ári.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun leiðir það í ljós að ekki er nauðsynlegt að grípa til frekari niðurskurðar en gæta verður fyllsta aðhalds í öllum rekstri.

Bæjarráð ákveður að endurskoða fjárhagsáætlun að nýju eftir þrjá mánuði.

Fjármálastjóri vísar til fundi.

2. Kjörskrá fyrir kosningar 2009

Bæjarráð staðfestir kjörskrána fyrir sitt leyti og felur bæjarstjóra að undirrita kjörskrána og afhenda síðan kjörstjórn kjörskrána.

3. Farskólinn-miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Boðað er til aðalfundar Farskólans fimmtudaginn 30. apríl kl. 13:00.

Lagt fram til kynningar.

4. Vinabæjarheimsókn sumarið 2009

Fyrir liggur boð um að mæta til vinabæjar Blönduósbæjar Nokia daganna 22.-28. júní 2009.

Bæjarráð hafnar boðinu að þessu sinni.

5. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

6. Bréf frá Þór Magnússyni dags. 24. mars 2009

Í bréfinu er bent á þann möguleika að byggja yfir Byggðasafnið á Reykjum við hinn nýja Staðarskála í botni Hrutafjarðar.

Lagt fram til kynningar.

7. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Fært í trúnaðarbók

8. Önnur mál

a) Gjaldskrá fyrir Blönduóshöfn

Bæjarstjóri kynnti nýja gjaldskrá fyrir Blönduóshöfn.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrána fyrir sitt leyti.

b) Veiðifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi

Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi verður haldinn sunnudaginn 10. maí n.k. kl. 15:00 í Félagsheimilinu Ljósheimum.

Bæjarráð tilnefnir Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson til að mæta á fundinn.

c) Atvinnumál

Bæjarstjóri gerði grein fyrir ferð stjórnar byggðasamlags um menningu og atvinnumál til Hollands þar sem skoðuð voru netþjónabú.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 13:50

*Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)